

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2006.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2006 og skal miða talningu á fjölda sauðfjár við sannreynda talningu búfjáreftilritsmanns sem framkvæma skal fyrir 15. apríl 2006.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998, um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum og með heimild í 6. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Auglýsingin kemur í stað auglýsingar nr. 767 frá 24. september 2004.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. september 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.